



Gagnagrunnur yfir starf og afurðir sjálfstætt starfandi fræðimanna

Rannsóknaskýrsla

Pétur Stefánsson, Jens Arinbjörn Jónsson og Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir.



Gagnagrunnur yfir starf og afurðir sjálfstætt starfandi
fræðimanna.

September 2022

Höfundar Pétur Stefánsson, Jens Arinbjörgn Jónsson og
Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Útgefandi: ReykjavíkurAkademían

Útgáfunúmer: RA-2022-4

Þórunnartún 2

105 Reykjavík

Sími 562 8565

Netfang: ra@akademia.is

Veffang: www.akademia.is



EFNISYFIRLIT

Aðfararorð	2
Útdráttur (Abstract)	3
Inngangur skýrslu.....	4
Aðferð	6
Niðurstöður	15
Umræður	21
Heimildaskrá	24

Aðfararorð

Sumarið 2022 smíðuðu sagnfræðinemarnir Pétur Stefánsson og Jens Arinbjörn Jónsson gagnagrunn sem tekur til upplýsinga um störf hundruð sjálfstætt starfandi fræðafólks sem á tímabilinu 1997-2021 starfaði, um lengri eða skemmri tíma í Reykjavíkur- og AkureyrarAkademíunni.

Gagnagrunnurinn inniheldur upplýsingar um afurðir þess og styrkveitingar úr opinberum sjóðum. Þar er að finna yfirlit yfir fjölda, menntun, störf, starfsaðstæður og afurðir sjálfstætt starfandi fræðafólks í menningu, félags- og hugvísindum. Markmiðið Akademianna með gerð gagnagrunnsins var að ná utan um 24 ára auðlegð og fjármögnun þekkingar í ReykjavíkurAkademíunni og AkureyrarAkademíunni þannig að hægt sé að hafa yfirsýn yfir og fylgjast með starfsemi sjálfstætt starfandi fræðafólks og þeim breytingum sem verða á henni. Því mun grunnurinn nýtast til stefnumótunar, til að tala fyrir og gera hópinn sýnilegan í opinberum hagtölum og til að meta hagrænt framlag hans til samfélagsins. Seinna meir verður grunnurinn uppfærður með upplýsingum frá fræðafólki sem hefur starfað utan ReykjavíkurAkademíunnar og AkureyrarAkademíunnar.

Gerð gagnagrunnsins var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og unnin í samstarfi við AkureyrarAkademíuna. Leiðbeinandi var Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir sagnfræðingur og safnafræðingur, framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar. Þá komu að verkefninu þau Sigurgeir Finnsson forstöðumaður Bókasafns Dagsbrúnar, Lilja Hjartardóttir stjórn málafræðingur og framkvæmdarstjóri AkureyrarAkademíunnar Aðalheiður Steingrimsdóttir kennari og sagnfræðingur.

Þessi samantekt er að grunni til rannsóknaskýrsla send Nýsköpunarsjóði námsmanna í lok sumars til staðfestingar á því að rannsóknin hafi verið framkvæmd. Skýrslan er unnin af þeim Pétri Stefánssyni, Jens Arinbirni Jónssyni og Önnu Þorbjörgu Þorgrímsdóttur.

Útdráttur (Abstract)

Markmið rannsóknarverkefnisins *Störf og afurðir sjálfstætt starfandi fræðafólks* er að safna í heilstæðan gagnagrunn tiltækum upplýsingum um afurðir og störf fræðafólks sem hefur starfað við *ReykjavíkúAkademíuna* og *AkureyrarAkademíuna* á tímabilinu 1997–2022.

Smíðaður var gagnagrunnur með skilgreindum upplýsingum um fræðafólkið, afurðir þess og opinbera fjármögnun verkefna. Þúnar voru til síur til að sækja upplýsingarnar kerfisbundið í opinbera veflæga grunna eins og *Leitir.is*, *IRIS upplýsingakerfi fyrir rannsóknir á Íslandi* og *Gagnatorg Rannís*. Þá eru í grunninum upplýsingar úr gögnum frá báðum Akademíunum.

Gagnagrunnurinn er varðveittur í RA og verður uppfærður reglulega. Hann mun nýtast til að vekja athygli á starfi sjálfstætt starfandi og til rannsókna á sögu vísinda á fyrsta fjórðungi 21. aldar. Á málþinginu *RA Sjálfstæðir rannsækendur – umhverfi og áskoranir* verður grunnurinn kynntur, gögn úr honum greind og breytingar skýrðar. Akademíurnar stefna að aðild að IRIS og að gögnin verði þá gerð aðgengileg sem hluti af rannsóknum á Íslandi.

Inngangur skýrslu

Sjálfstætt starfandi fræðafólk sem starfar á sviðum menningar, hug- og félagsvísinda sem og annara fræðagreina er lítið sýnilegur hópur í íslensku samfélagi. Enginn hefur á heilstæðan hátt kortlagt eða haldið utan um hópinn og eru bæði umfang hans og afurðir óþekkt stærð. Því er ómögulegt að vita hvort breytingar verða á stærð hópsins, kyni, menntun eða starfsumhverfi. Sama má segja um aðrar breytingar eins og á fjármögnunarmöguleikum eða eðli og umfang afurðanna. Hópurinn er því hvorki sýnilegur í hagtölum né í stefnumótun stjórnvalda og hagræn áhrif af starfsemi hans eru ókunn. Þessi skortur á yfirsýn hamlar því að hægt sé að greina þarfir hópsins og tala máli hans á opinberum vettvangi.

Þó er til skýrsla yfir verkefni og viðburði sjálfstætt starfandi fræðafólks við AkureyrarAkademíuna á árunum 2006–2021 sem gefin var út í tilefni af 15 ára afmæli stofnunnarinnar og er tekin saman af Margræti Guðmundsdóttur sagnfræðingi.¹ Þar kemur fram að tæplega 100 einstaklingar og fulltrúar næstum 50 fræðasviða hafa gefið út fjölbreyttar afurðir verandi með vinnuástöðu hjá AkureyrarAkademíunni.² Flestir voru í námi við innlenda og erlenda háskóla en afgangurinn er fjölbreyttur hópur vísinda-, fræði- og listamanna sem og frumkvöðla. Auk þess fóru á tímabilinu ríflega 150 viðburðir fram á vegum AkureyrarAkademíunnar.

Sambærilegar upplýsingar eru ekki til um starfsemi ReykjavíkurAkademíunni en þar hafa á síðastliðnum 25 árum um 800 einstaklingar með fjölbreyttan bakgrunn í fræðum og listum

¹ Margræt Guðmundsdóttir. *Sköpun akademóna. Skýrsla um verkefni og viðburði 2006-2021*. Akureyri: AkureyrarAkademían, 2021.

² AkureyrarAkademían var stofnuð árið 2006.

starfað um lengri eða skemmri tíma og hafa gefið út ógrynnin öll af fjölbreyttum verkum og stýrt fjöldann allan af stórum og litlum viðburðum og samstarfsverkefnum.³

Því telja rannsakendurnir að sköpun gagnagrunns yfir þennan stóra hóp fræðafólks sem hefur starfað við Akademiunnar (RA og AkAk) síðastliðin 25 ár og ýtarleg skoðun á afurðum hans gefi góða innsýn í starf og afurðir sjálfstætt starfandi fræðafólks á Íslandi og gefi möguleika á að skoða hvort og þá hvaða breytingar hafi átt sér stað á hópnum og afurðum hans á fyrsta fjórðungi 21. aldar. Einnig að skoðunin gefi möguleika á að meta fjármögnun rannsókna sem og hagræn áhrif af þeim. Rannsakendur telja að margir af þeim atburðum sem hafa haft mikil áhrif á sögu fyrri fjórðungs þessara aldar þá sérstaklega Bankahrunið 2008 og Covid-19 faraldurinn hafi haft mikil áhrif á starfsumhverfið. Þá má ætla að sjálfstætt starfandi fræðafólk sem starfar utan háskólanna hafi haft veruleg áhrif á þróun fræðasamfélagsins á Íslandi.

Vegna þessa teljum við mikilvægt að ná betur utan um störf og afurðir sjálfstætt starfandi fræðafólks með gerð gagnagrunns sem inniheldur upplýsingar um menntun og fræðilegan bakgrunn fræðafólks sem starfað hefur við Akademiurnar á 24 ára tímabili, störf þess, starfsumhverfi og afurðir þess. Þannig verður hægt að átta sig betur á stærð og umfang hópsins og afurða hans og meta hagræn áhrif og framlag til samfélagsins. Þá verður safna upplýsingum um opinbera fjármögnun verkefnanna.

Grunnurinn verður nýttur til þess að meta hvort og þá hvernig þessi hópur getur fengið frekari stuðning í sínum störfum. Þá mun gagnagrunnurinn auka sýnileika hópsins í heild sinni en einnig gera aðgengilegar upplýsingar um afurðir ákveðna fræðimanna sem hingað til hafa ekki verið aðgengilegar áður á heildstæðan hátt.

³ ReykjavíkurAkademían var stofnuð árið 1997 af sjálfstætt starfandi fræðafólki í þeim tilgangi að skapa sameiginlega vinnuástöðu í þverfaglegu fræðasamfélagi. Akademiurnar eru bakhjarlar í rannsóknum og vettvang fyrir þekkingarmiðlun sjálfstætt starfandi fræðafólks.

Aðferð

Rannsóknin nær til þess fræðafólks sem starfaði við ReykjavíkurAkademíuna frá árinu 1997 og til dagsins í dag og hjá AkureyrarAkademíunni frá árinu 2006 - 2021. Inn í gagnagrunninum eru einnig flutt nöfn fræðafólks sem í opinberum grunnum tengjast verkum félaga Akademianna.

Félagar AkureyrarAkademíunni í gagnagrunninum eru allir þeir sem getið er í skýrslu Margrétar Guðmundsdóttur, Sköpun akademóna. Upplýsingar um fræðafólk ReykjavíkurAkademíunnar eru ófullkomnari. Því fór nokkur tími í að yfirfara og laga lista yfir félagastofnunarinnar. Þannig hafa nöfn um sjöhundruð einstaklingar fundist og við búumst við að fleiri mun bætast á listann eftir nánari leit í gögnum stofnunarinnar.

Við greiningu á gögnunum var aldur og kyn fræðafólksins skoðað. Einnig menntun og fræðilegur bakgrunnur. Að lokum var skoðuð breyting, ef einhver er, á afurðum hópsins og fjármögnun verkefnanna sem unnið er að.

Ákveðið var að í gagnagrunninum myndu birtast allar afurðir sem fræðafólkið vann meðan á dvöl í Akademíunni stóð að einu ári viðbættu enda oftast þannig að verk koma út töluverðu eftir að vinnu við þau er lokið.

Gagnagrunnurinn *Störf og afurðir sjálfstætt starfandi fræðafólks* er venslaður gagnagrunnur og skrifaður í fyrirspurnarmál (e. Structured Query Language) í MySQL útgáfu. Grunnurinn inniheldur 16 grunntöflur og 6 sýndartöflur sem sía gögn úr grunntöflunum og reiknar út. Við gerð gagnagrunnsins skoðuðum við hvernig gögn birtust í hinum gagnagrunnunum og hönnuðum við töflurnar og dálka þeirra að þeim upplýsingum.

Hér fyrir neðan er listi yfir töflur gagnagrunnsins og lýsing á virkni þeirra. Grunntöflurnar eru skráðar í röð eftir stigveldi tengsla en sýndartöflur (e. Views) eru í stafrófsröð. Á blaðsíðu 9. er mynd sem sýnir vensl milli taflan gagnagrunnsins.


Grunntöflur

1. **Folk_og_samtok**, tafla sem heldur utan um fræðafólk og fyrirtæki sem eru skráð í gagnagrunninn skráðar eru upplýsingar um það, hvert númer fræðimans eða fyrirtækis sé (hlaupandi númer) hver menntun þeirra var, hver kennitala þess er ef það var í ReykjavíkurAkademíunni annars fæðingarár, hvert kyn þess sé, hvort að það sé manneskja eða fyrirtæki. Styður gagnagrunnur að ekki þurfi að skrá upplýsingar í neina af þessum dálkum ef upplýsingar liggja ekki fyrir, nema hlaupandi númerið og nafn. Hver manneskja eða fyrirtæki getur ekki verið skráð oftar en einu sinni í töfluna ef breytingar verða á upplýsingum einstaklings eða félags, þyrfti að uppfæra þær í töflunni.
2. **Ritadar_utgefnar_afurdir**, tafla sem heldur utan um bækur, bókarkafli, fræðigreinar, blaðagreinar og skýrslur, í töflunni er hlaupandi númer fyrir hverja færslu, númer höfunda, ritstjóra og þýðenda sem að allar vísa í **Folk_og_samtok** töfluna, dálkar fyrir heiti afurðar, nafn á bók sem bókarkafli er í ef afurðin er af tegundinni, bókarkafli, dagsetning sem að afurðin var gefin út, hver útgefandi afurðar er, af hvaða tegund afurðin er, blaðsíðutal afurðar, bindisnúmer og nafn bindis, sería/ritröð og ritstjóri hennar. Getur afurð með sama titil, fræðimann, ritstjóra, þýðanda, bindi, ritröð og ritstjóra ritraðar ekki verið skráð oftar en einu sinni í töfluna. Geta dálkar aðrir en titill og hlaupandi númer verið auðir.
3. **Erindi**, tafla sem heldur utan um ráðstefnur og hver hélt erindi á þeim. Í töflunni eru dálkar fyrir færslunúmer (hlaupandi númer), númer höfunda sem vísa í **Folk_og_samtok**-töfluna, nafn ráðstefnu, nafn erinids, dagsetning erindis og hlekkir á annaðhvort vefsíðu eða vefsíðu með táknaðstúlkun. Geta allir reitir verið auðir nema ráðstefnuheiti og færslunúmer.
4. **Sýningar**, tafla sem heldur utan um listasýningar sem hafa verið haldnar. Dálkarnir í töflunni eru færslunúmer, númer fræðimanns, nafn sýningar, nafn sýningarstaðir og dagsetningar þegar sýning byrjar og lýkur.
5. **Haldin_namskeid**, tafla sem heldur utan um námskeið hvenær þau voru haldin og hver hélt þau.
6. **Utvarpstaettir**, tafla sem heldur utan um útvarpsþætti sem að fræðafólk hefur verið með, hvaða fræðimaður, á hvaða stöð, hvað þátturinn hét og hvenær honum var útvarpað.
7. **Vefsíður**, tafla sem heldur utan vefsíður sem að fræðimenn hafa komið að gerð vefsíðna. Dálkar töflunnar segja til um hver hannaði töfluna, hvað vefsíðan heitir, hver slóð hennar er og hvenær hún varð aðgengileg á internetinu.
8. **Styrkir_upplýsingar**, tafla sem heldur utan um styrki, hver veiti þá, hvaða ár og hve háar upphæðir voru veittar og hvert umsóknanúmer styrksins var og hvert færslunúmer styrks var.

9. **Styrkir_personu_upplýsingar**, tafla sem heldur utan um hvaða fræðimaður fékk veittan styrk, dálkar í töflu lýsa hver sótti um styrk, númer sem vísar í Folk_og_samtök-töfluna, númer sem vísar til töflunar um ritaðar afurðir, auk númers erindis töflunnar, sem var styrkt auk númers sem vísar til færslunúmers styrks.
10. **Gradur**, tafla sem heldur utan um lokaritgerðir fræðimanna. Dálkar töflunnar segja til um færslunúmer, nafn ritgerðar, hver skrifaði hana, hvaða ár, við hvaða skóla og í hvaða námsgrein ritgerðin var skrifuð, auk þess að segja á hvaða námsstigi hún var skrifuð.
11. **Felagar**, er tafla sem heldur utan um félaga skráða í ReykjavíkurAkademíuna.
12. **Starfsar**, tafla sem heldur utan um hvenær fræðimenn unnu hjá ReykjavíkurAkademíunni.
13. **Stjornir_og_nefndir**, tafla sem heldur utan um hverjir voru í stjórnnum ReykjavíkurAkademíunnar. Lýsa dálkar töflunnar hvaða fræðimaður var í hvaða stjórn, hvenær hann gekk í stjórnina og hvenær hann hætti, hver staða hans var og í hvaða félagi hann var.
14. **Leitarord_afurdir**, tafla sem segir til um hvaða efnisorð eru í hvaða afurð.
15. **Myndir_og_tonlist**, tafla sem heldur um afurðir sem hafa verið gefið út til að spila með öðrum tækjum t.d spólur eða geisladiskar. Dálkar segja til um gerð, titil, lengd og höfunda afurðana.
16. **Nofn_i_odrum_gagnagrunum**, tafla sem innheldur nöfn fræðafólks í öðrum gagnagrunum og hvert það er í þeim svo að Python forritið (sjá neðar) bætti ekki við nýju fræðafólki ef nöfn þeirra voru rituð á mismunandi hátt á Íris, Leitir og gögnum ReykjavíkurAkademíunnar.

Sýndartöflur

1. **Arstykir**, tafla sem birtir heildarupphæð úr styrktarsjóðum eftir árum, auk nafn styrktarsjóðanna.
2. **Fjoldi_efnisorda_eftir_arum**, sem birtir fjölda efnisorða í afurðum eftir árum
3. **Fjoldi_kynja__i_stjorn**, sýndartaflan sem sýnir fjölda kynja i stjorn eftir nafni á stjórnnum
4. **Fjoldi_kynja_starfsar**, sýndartafla sem telur upp hversu margir einstaklingar af ákveðnu kynni voru starfandi á ákveðnu ári.
5. **Afurdir_sjalfstaett_starfandi_fraedafolks**, sýndartaflan sem sýjar þær afurðir sem unnar voru meðan að sjálfstætt starfandi fræðafólk var skráð í ReykjavíkurAkademíuna. Það er athugað með að bera saman dagsteningar mismunandi afurða við upplýsingar um hvaða ár fræðafólk byrjaði að vinna og hætti að viðbætu einu loka ár (byrjunarar \leq dagetning afurðar \leq ar sem fræðafólk hættir + 1 ár). Bættum við einu ári við lokaár vegna þess að afurðir geta komið út eftir að fræðafólk hætti hjá ReykjavíkurAkademíunni en vann þær meðan það var starfandi þar.



Síur til að sækja gögn í og úr grunnnum

Búið var til sérstakt forrit skrifað í forritunarmálinu *Python* til þess að sækja gögn úr IRIS og Leiti gagnagrunnum, taka afrit af þeim sem Excelskrár og bæta þeim síðan við gagnagrunninn.

Til þess að ná í göng og skrifa þau í gagnagrunninn, skrifuðum við forrit í forritunarmálinu *Python*. Við byrjum á að ná í gögn af IRIS. Það gerðum við með því að athuga hvaða fræðifólk úr gögnum sem við höfum um meðlimi og starfsfólk ReykjavíkurAkademíunar var skráð í IRIS gagnagrunninum, forritið bjó síðan til Exelskjöl með upplýsingum um höfunda, ritstjóra og þýðendur ásamt upplýsingum um hvenær afurðirnar voru útgefna, af hvaða tengdu þær voru og hver voru efnisorð þeirra ef þau voru skráð á afurðir. Þessum Exelskjölum var safnað í eina möppu. Var svipaðri aðferð beitt til þess að ná í gögn af gagnagrunni Leiti. Það

gerðum við með því að hlaða niður JSON sem myndast þegar slegið er inn nafn og fæðingarár fræðafólks. Voru síðan skrárnar umritðar yfir í Exelskrár og vistaðar í sömu möppu og Exelskrár um afurðir fræðafólks frá IRIS. Forritið las síðan allar Exelskrár í möppunni og bætti þeim inn í viðeigandi töflur í gagnagrunninum.

Þá búið til tölfræðigluggaforrit skrifað í forritunarmálinu *R* sem sækir gögn og greinir gögn gagnagrunnsins.⁴ Notum við síuna úr sýndartöflunni og sendum við þær upplýsingar til *R* forritsins og töldum heildar afurðir og mismunandi tekundir. Nýtum við *Plotly* pakkann til að birta gröf.⁵

Rannsóknarsnið

Sumarið 2022 fór fram smíði gagnagrunns og kerfisbundin söfnun upplýsinga um afurðir félaga í Félagi ReykjavíkurAkademíunnar og AkureyrarAkademíunni á tímabilinu 1997-2021 úr völdum opinberum gagnagrunnum og úr aðgengilegum gögnum Akademíanna. Rannsóknin er unnin fyrir ReykjavíkurAkademíuna af Jens Arinbirni Jónssyni BA í sagnfræði og Péttri Stefánssyni sagnfræðinema og menntaður í tölvunarfræði sem báðir unnu að verkefninu í þrjá mánuði og er styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Þá er AkureyrarAkademían aðili að rannsókninni.

Breyturnar eru tvær. Annars vegar fólkið sjálft sem starfaði við Akademíunnar. Nú eru tæplega 800 einstaklingar skráðir í gagnagrunnin. Auk þess eru í grunninum aðrir einstaklingar sem ekki störfuðu við Akademíurnar en tengjast útgefnum verkum til dæmis sem meðhöfundar eða ritstjórar. Þeir eru ekki taldi með við úrvinnslu gagnanna og tölfræðigreiningu.

⁴ Vef. Sjá nánar um forritið *R* á vefsíðunni <https://cran.r-project.org>

⁵ Vef. Sjá nánar um *Plotly* pakkann á vefsíðunni <https://plotly.com/r/>

Grunnurinn byggir á opinberum gagnagrunnum IRIS og Leit⁶ og því eru þar helst að finna upplýsingar um efni sem hefur verið útgefið á prenti en einnig ljósmyndir, tímaritsgreinar, tónlist og fleira sem einnig er hægt að finna á Leitir. Þá inniheldur grunnurinn upplýsingar um annars konar afurðir sem erfitt getur verið að hafa upp á, sérstaklega varðandi eldri gögn. Helstu gallar við að nota IRIS gagnagrunninn var að á sumum stöðum voru ekki rétt skráðar afurðir t.d. ef fræðafólk var með svipuð nöfn og annað fræðafólk þá voru skráðar afurðir á fólk sem hafði ekki unnið þær auk þess að höfundar afurða eru ekki skráð með fæðingarári þess. Helstu gallar við Leitir voru að afurðir voru afurðar skráðar eftir sniði frekar en tegund, sýningaskrár og skýrslur voru skráðar sem bækur auk þess sem í upplýsingum Leitis var skráð aðildir frekar en höfundar þannig voru stofnanir stundum með aðild að námsritgerðum frekar en einungis þeir sem skrifuðu þær. Í eldri afurðum á Leiti voru aðeins skráð almennar aðildir en í nýrri verkum er skráð hlutverk t.d. hvort að fræðafólk hafi verið höfundur, þýðandi eða ritstjóri. Ýmis tegundir gagna sem voru ekki í þessum gagnagrunnum vantar í hann. Hér má nefna fyrirlestrar, leiðsagnir og handrit sýninga, kvikmynda og útvarpsþátt og önnur störf sjálfstætt starfandi fræðafólks sem varðar samfélagslega dreifingu þekkingar sem verður til við rannsóknir, hefur verulegt nýsköpunargildi og mikilvægt hagrænt gildi fyrir samfélagið. Tegundir efnis sem eru skráð nákvæmlega í gagnagrunninum eru því nokkuð fjölbreyttar. Rannsóknarsniðið er þess vegna byggt á víðum grunni en um leið takmarkað af því að lítið hefur verið skráð um aðrar afurðir fræðafólks sem eru ekki inn í þessum opinberu kerfum.

Einnig takmarkast upplýsingarnar í gagnagrunninum af göllunum í þeim upplýsingum sem eru í þessum opinberu kerfum. Auk þess eru hluti þess fræðafólks sem hefur verið félagar í ReykjavíkurAkademíunni ekki skráðir í þessi kerfi og því er ekki hægt að reiða sig eingöngu á þessar opinberu heimildir. Það minnkar ekki notendagildi grunnsins til að greina afurðir

⁶ Vef. IRIS <https://iris.ra.is/>, sótt 19. september 2022. Vef. „Hvað er Leitir“ https://leitir.is/discovery/search?vid=354ILC_NETWORK:10000_UNION, sótt 19. september 2022.

fræðafólksins og ætlunin er að safna skipulega og mata inn frekari gögnum eftir því sem þau berast Akademíunum.

Þá voru settar inn í grunninn upplýsingar um greinar í netútgáfum tímarita félaga innan Háskóla Íslands. Eitt þessara tímarita er til dæmis *Stjórnmal og Stjórnsýsla*.⁷ Aðrar upplýsingar í gagnagrunninum eru fengnar úr ársskýrslum ReykjavíkurAkademíunnar og af vefsíðu hennar, www.akademia.is, auk annara heimilda svo sem af viðburðasíðu ReykjavíkurAkademíunnar á Facebook og vefsíðu Bókasafns Dagsbrúnar, www.bokasafndagsbrunar.is, þar sem upplýsingar um árslega Dagsbrúnarfyrirlestra voru sóttar. Einnig af Vimeo- og YouTube síðum ReykjavíkurAkademíunnar. Bæta þarf efni í grunninn þegar nýjar upplýsingar berast. Sem dæmi má nefna efni sem ekki hefur verið gefið út eins og upplýsingar um fyrirlestra. Þá má nefna að upplýsingar í ársskýrslum ReykjavíkurAkademíunnar um afurðir félaganna eru ósambærilegar og til dæmis hafa engar slíkar upplýsingar birst frá árinu 2018.

Einnig eru í grunninum upplýsingar um styrki sem einstaklingar í ReykjavíkurAkademíunni hafa hlotið frá hinu opinbera sóttar á *Gagnatorg Rannís*.⁸ Það býður betri tíma að sækja upplýsingar um styrki úr öðru innlendum sjóðum svo sem *Kristnihátíðarsjóði* sem úthlutað var úr á árunum 2001- 2005 og styrktarsjóðum *Hagþenkis félags höfunda fræðirita og kennslugagna*.

Við vinnslu ganga úr grunninum er mikilvægt að vera meðvitaður um að upplýsingar í grunninum eru ekki tæmandi og að enn er eftir að rýna þau gögn sem þar eru, sérstaklega þau sem sótt voru úr opinberum gagnagrunnum með aðstoð forrita. Þá verður grunnurinn

⁷ Vef. „Stjórnmal og Stjórnsýsla” <https://www.irpa.is/index.php/irpa>, sótt 19. September 2022.

⁸ Vef. „Gagnatorg Rannís” Rannís, <https://sjodir.rannis.is/gagnatorg/allocated.php?fund=0>, sótt 19. september 2022.

stöðugt uppfærður með nýju efni félaga Akademianna auk þess sem nýjum félögum verður árlega bætt við grunninn.

Þrátt fyrir þessa annmarka þá er það mat rannsakendanna að þær upplýsingar sem þegar eru í gagnagrunninum veita góða sýn yfir það efni sem meðlimir í ReykjavíkurAkademíunnar hafa gefið út á tímabilinu 1997-2022 og í AkureyrarAkademíunni frá 2006 til loka ársins 2021.

Bók Árna Daníels Júlíussonar *Fræðimenn í flæðarmáli* var að þessu leiti mikilvæg heimild um upphafsár stofnunarinnar.⁹ Einnig var skýrsla Margrétar Guðmundsdóttir um starfsemi AkureyrarAkademíunnar mikilvæg heimild þegar kom að afmörkun á gerð heimilda sem áttu að fara inn í gagnagrunninn og um starfsemi þeirrar stofnunar að mörgu leiti.¹⁰ Framlag sjálfstætt starfandi fræðafólks, bæði fræðilega og menningarlega, hefur að mörgu leiti verið ósýnilegt og erfitt að nálgast nákvæmar upplýsingar um það. Það á sérstaklega við um þau verkefni sem tengjast miðlun þekkingar sem verður til við rannsóknir og fjölbreytt verkefni tengd menningu og nýsköpun. Almennt er betur haldið utan um afurðir rannsókna fræðafólks innan háskólanna heldur en sjálfstætt starfandi fræðafólks og fræðigreina.

Persónuvernd

Gagnagrunnurinn byggir á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þannig voru meginreglur persónuverndarlöggjafarinnar hafðar í huga við gerð grunnsins og er heimildin byggð á 9. grein almennra reglna en gerð hans er í þágu

⁹ Vef. Árni Daníel Júlíusson, *Fræðimenn í flæðarmáli*: Saga ReykjavíkurAkademíunnar. ritstj. Clarence E. Glad, Sigurður Gylfi Magnússon og Viðar Hreinsson. Reykjavík: ReykjavíkurAkademían 2009. ReykjavíkurAkademían, https://www.akademia.is/wp-content/uploads/Arni-Daniel_Fraedimenn-i-CC%81-flaedarmali-2009.pdf Sótt 18. September 2022.

¹⁰ Margrét Guðmundsdóttir. *Sköpun akademóna*.

almannahagsmuna. Tilgangur grunnsins er að hægt sé að sýna fram á umfang og mikilvægi afurða sjálfstætt starfandi fræðafólks fyrir íslenskt samfélag. Gagnagrunnurinn er nauðsynlegur til þess að Akadémíurnar geti talað máli félaga sinna og hefur sem slíkur þýðingu fyrir félaga Akademianna og þeirra sem í framtíðinni munu starfa sjálfstætt að iðkun fræða. Þá hafa Akadémíurnar með samningi við ríkið þá skyldu að gæta hagsmuna sjálfstætt starfandi fræðafólks og er m.a. gert að standa skil á ýmsum upplýsingum til ráðuneytis um félagana. Einnig er grunnurinn mikilvægur þegar kemur að skráningu á sögu íslenskra fræða sem fellur utan við hina opinberu stofnana sögu.

Í gagnagrunninum birtast sömu almennu upplýsingarnar um félaga ReykjavíkurAkademiunnar og AkureyrarAkademiunnar á árabílinu 1997-2022 sem þegar eru aðgengilegar í opinberum og leitarbærum gagnagrunnum, þ.e. nöfn og fæðingarár sjálfstætt starfandi fræðafólks.

Gagnagrunnurinn byggir á opinberum gögnum um afurðir skráðra félaga ReykjavíkurAkademiunnar og AkureyrarAkademiunnar frá árinu 1997. ReykjavíkurAkademián ses er ábyrgðaraðil gagnagrunnsins og ber því ábyrgð á skráningu persónuupplýsinganna og vinnslu þeirra.

Fræðsluskylduna gagnvart þeim einstaklingum sem eru í gagnagrunninum uppfylla Akademiurnar með því að birta frétt um gagnagrunnin á vefsíðu stofnunarinnar, www.akademia.is/gagnagrunnur-fraedafolk og í FORUM fréttabréfi ReykjavíkurAkademiunnar og í fréttabréfi AkureyrarAkademiunni en bæði fréttabréfin eru aðgengileg á vefsíðum stofnanna. Einstaklingum sem eru í grunninum eru hvattir til þess að kynna sér upplýsingar honum tengdum, bæta við upplýsingum og leiðrétta rangfærslur. Hins vegar eru réttar upplýsingar ekki fjarlægðar.

Til að byrja með er gagnagrunnurinn ekki opin almenníngi en áform eru uppi um að þau verði við fyrsta hentugleika fluttar í IRIS. Grunnurinn er varðveittur í Reykjavíkur-

Akademíunni varinn með lykilorði og vistaður í rafrænu skjalsafni stofnunarinnar. Framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar hefur aðgang að grunninum og heimilar notkun á honum á grunni ofangreindra forsendna.

Niðurstöður

Með sköpun gagnagrunns yfir *Störf og afurðir sjálfstætt starfandi fræðafólks* sem starfað hafa sjálfstætt undir hatti ReykjavíkurAkademíunnar og AkureyrarAkademíunnar á tímabilinu 1997 - 2021 hefur orðið til veigamikill upplýsingagrunnur sem mun nýtast til nánari greiningar á hópnum, afurðum hans og starfsumhverfi.

Rannsakendurnir hafa á einungis þremur mánuðum hannað og skapað gagnagrunninn *Störf og afurðir* og hlaðið inn í hann upplýsingum um tæplega 800 einstaklinga sem starfað hafa við ReykjavíkurAkademíuna og AkureyrarAkademíuna. Þá var flutt inn í grunninn verulegt magn upplýsinga um mikinn fjölda birtra verka sem gefur gott yfirlit yfir viðfangsefni og fræðilegan grunn rannsókna sjálfstætt starfandi fræðafólks.


Grunnurinn verður kynntur á málþingi ReykjavíkurAkademíunnar *Sjálfstæðir rannsakendur – umhverfi og áskoranir* sem haldið verður 4. nóvember næstkomandi. Aðferðir sem notaðar voru við gerð grunnsins verða einnig kynntar ásamt aðferðum við að greina gögnin. Rannsakendur munu á málþinginu kynna helstu niðurstöður greiningarinnar og mögulegar vísbendingar um það hvernig starfsumhverfið mun halda áfram að þróast.

Þar má helst nefna hversu mikil fjölbreytnin er í bakgrunni og viðfangsefnum fræðafólksins og að þar hafa átt sér stað miklar breytingar á undanförunum 25 árum. Þessi fjölbreytni endurspeglast í því að upplýsingar um fjölmargar fræðigreinar eru að finna í grunninum.


Í ljós kom að rannsóknarefni fræðimanna innan ReykjavíkurAkademíunnar og AkureyrarAkademíunnar var í byrjun mjög róttækt og framúrstefnuleg með það markmið að brjóta upp kenningar hefðbundna fræðasamfélagsins. Þar styður niðurstaða greiningarinnar niðurstöðu Árna Daníels Júlíussonar sem hann birti í Fræðimenn í flæðarmáli sem fjallar um sögu ReykjavíkurAkademíunnar fyrstu 10 árin og kom út árið 2009. Síðar þróuðust rannsóknir fræðafólksins í átt að rannsóknum sem líklegri eru til að fá opinbera styrki þótt grundvöllur fræðafólks RA hefur alltaf verið að koma með ný sjónarhorn í íslenskt fræðasamfélag.

Taka þarf tillit til þeirra áskorana sem fylgja því að vera sjálfstætt starfandi fræðimaður og mikilvægt að aðgengi fræðafólks að stykjum úr opinberum sjóðum verði tryggt. Stórir viðburðir sem hafa áhrif á allt samfélagið móta því einnig mikið starfsumhverfi fræðimanna og sérstaklega sjálfstætt starfandi fræðimanna. Tveir stórir atburðir, bankahrunið 2008 og kreppan sem fylgdi í kjölfarið og Covid-19 faraldurinn 2020-2022, eru áhugaverð dæmi um örsnögga breytingu á starfsumhverfi sjálfstætt starfandi fræðimanna. Eftir hrunið varð mikil umræða í kringum þann atburð innan fræðasamfélagsins sem gat farið fram opinberlega á fræðilegum grundvelli en svo var ekki í heimsfaraldrinum þar sem hægt er að segja að hjól fræðasamfélags stöðvuðust í faraldrinum. Þá átti sér stað sýnileg breyting árið 2014 þegar ReykjavíkurAkademíunnar flutti úr rúmgóðu húsnæði í JL-húsinu í minna og dýrara húsnæði í Þórunnartúni 2. Við flutningana fækkaði fræðimönnum verulega auk þess sem aðstaða til viðburðahalds var miklu mun takmarkaðri. Hvoru tveggja hafði veruleg og varanleg áhrif á starfsemi ReykjavíkurAkademíunnar.


Gerð verður nánari grein fyrir niðurstöðum greiningar á gögnum grunnsins á málþingi ReykjavíkurAkadmíunnar 4. nóvember nk. en hér fyrir neðan eru nokkur gröf sem endurspeglar innihald gagnagrunnsins og notkunarmöguleika við greiningu á sögu fræða utan háskólanna.




Graf 1 sýnir dreifingu námsgreina í prófrit-gerðum fræðafólks skráð í félagatali ReykjavíkurAkademíunnar. Af 895 ritgerðum sem eru skráðar í gagna-grunninum þá hafa 622 skráða menntunn sem einstaklingur útskrifaðist með.




Graf 2 sýnir fjölda afurða af sjálfstætt starfandi fræðafólki sem hefur haft vinnuástöðu hjá ReykjavíkurAkademíunni.




Graf 3 sýnir mismunandi tegundir afurða eftir árum.




Graf 4 sýnir kynjahlutfall í stjórnunum Reykjavíkur-Akademíunnar.



Graf 5 sýnir kynjahlutfall sjálfstætt starfandi fræðafólks.



Kort 1 sýnir hvar bækur voru prentaðar erlendis og þá erlendu háskóla sem fræðafólk ReykjavíkurAkademíunnar er útskrifað frá.



Graf 6 sýnir úthlutanir Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi til fræðafólks ReykjavíkurAkademíunnar á árunum 2015- 2021.

Umræður

Markið rannsakanda um að smíða gagnagrunn yfir störf og afurðir sjálfstætt starfandi fræðafólks náðist. Við greiningu úr grunninum kom í ljós að megin tilgátur um að framlag sjálfstætt starfandi fræðimanna til íslensks fræði- og menningarsamfélags sé allmikið og að mörgu leiti meira en var áður talið stóðust. Rannsóknvirknin er umtalsverð sem og samfélagslega dreifing þekkingar sem verður til við rannsóknir. Þá er greinileg breyting á fjármögnun úr opinberum sjóðum til rannsókna sjálfstætt starfandi fræðafólks. Þar er sérstaklega litið til áhrifa efnahagshrunsins 2008 og Covid-19 faraldursins en báðir atburðir höfðu mikil áhrif á starfsumhverfi sjálfstætt starfandi fræðimanna sem reiðir sig mikið á styrki frá opinberum stofnunum (Rannís) sem og öðrum rannsóknarstofnunum.

Þá er ljóst að verulega vantar á skráningar á starfi sjálfstætt starfandi fræðafólks og áriðandi að úr því verði bætt bæði til framtíðar en einnig með því að uppfæra upplýsingar um starf fræðafólksins í gagnagrunninum. Það sem er hægt að segja að fór úrskeiðis í rannsókninni var að ekki var hægt að finna fleiri upplýsingar um afurðir sem hafa ekki verið opinberlega gefnar út enda ekki til nein heildstæð skrá um þannig viðburði líkt og Leitir bíður upp á fyrir útgefið efni. Kostir aðferðanna sem við notuðum í rannsókninni eru þeir að kerfisbundin skráning efnis sem hefur verið útgefið tókst mjög vel. Gallarnir liggja í hvernig öðru efni var safnað enda vantar upplýsingar um efni sem ekki er skráð á eins kerfisbundinn hátt. Þannig er dýptin meiri í þessu efni heldur en í öðru sem minnkar notendagildi gagnagrunnsins þegar kemur að þessu efni. Auk þess er ekki hægt að segja að gagnagrunnurinn sé fullkomin skrá yfir allar afurðir félaga ReykjavíkurAkademíunnar enda á enn eftir að bæta inn upplýsingum, bæði um fræðafólk og afurðir þess en áform eru uppi um að þeirri vinnu verði framhaldið.

Vonandi verður hægt að nýta niðurstöður þessarar rannsóknar til að sýna hve mikið sjálfstætt starfandi fræðimenn hafa gefið til samfélagsins og hvetja til þess að þessi hópur

geti fengið þann stuðning sem hann á skilið miðað við þeirra framlag. Þetta er umræða sem hefur ekki verið tekin undanfarið og skiptir ennþá meira máli nú en áður fyrr sérstaklega eftir heimsfaraldurinn sem setti störf sjálfstætt starfandi fræðimanna á skjön eins og kom áður fram. Nú þegar samfélagið og efnahagurinn er á þeirri leið að jafna sig á þessu ástandi skiptir þetta samtali miklu máli varðandi framhaldið í þessum efnunum.

Nýsköpunargildið

Ljóst er að upplýsingarnar sem verða til við gerð gagnagrunnsins eru mikilvægar íslensku samfélagi og varpar ljósi á rannsóknarvirkni og samfélagslega dreifingu þekkingar sem verður til við rannsóknir sjálfstætt starfandi fræðafólks. Gagnagrunnurinn er einnig mikilvægur heimildagrunnur sem hægt verður að nýta til þess að kalla fram heildarmynd af starfi fræðafólks utan háskólanna og varpar ljósi á hluta íslenskrar rannsóknasögu og nýsköpunar sem hingað til hefur verið ósýnilegur. Horft verður til hvernig hagrænum áhrifum af skapandi greinum hefur markvisst verið lyft fram þegar kemur að því að lyfta fram hagrænum áhrifum af starfsemi sjálfstætt starfandi fræðafólks eða fræðagreinum.

Akademíurnar munu uppfæra grunninn. Bæði að yfirfara og uppfæra núverandi gögn og halda áfram að skrá í hann skipulega upplýsingar um starfsemi sjálfstætt starfandi félaga Akademianna eftir árið 2021. Þá verður fræðafólki utan Akademianna gefinn kostur að senda inn upplýsingar og þannig verða hluti af gagnagrunninum.

Ekki er til sambærileg gagnagrunnur yfir rannsóknir og þekkingamiðlun sjálfstætt starfandi fræðimanna. Hins vegar er til nýtt kerfi IRIS eða *Icelandic Research Information System* þar sem rannsóknarvirkni íslenskra háskóla er skrásett. IRIS er rekinn af *Landsbókasafni Íslands* – *Háskólabókasafni* í umboði háskólaráðuneytisins (mennta- og

menningarmálaráðuneytinu). Þá munu allar upplýsingarnar í gagnagrunninum sem varða „rannsóknvirkni og samfélagslega dreifingu þekkingar sem verður til við rannsóknir“¹¹

Hægt er að gera samanburð milli IRIS og þessa gagnagrunns um Störf og afurðir sjálfstætt starfandi fræðafólk. Stærsti munurinn er í dag tenging IRIS við erlenda grunna s.s *ResearchGate* auk þess sem grunnurinn er rekinn fyrir opinbert fé og í umsjón þjóðarbókasafnsins. Markmið Akademianna er að tryggja það að afurðir sjálfstætt starfandi fræðafólks verði í gegnum aðild Akademianna flutt í ÍRIS og þær þar með gerður sýnilegur sem hluti af rannsóknvirkni og samfélagslegrar dreifingu þekkingar sem verður til við rannsóknir á Íslandi.

¹¹ Vef, „IRIS“

Heimildaskrá

Vef. Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Alþingi, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018090.html>, sótt 5. júní 2022.

Vef. Árni Daníel Júlíusson. *Fræðimenn í flæðarmáli. 10 ára afmælisrit ReykjavíkurAkademíunnar*. ritstj. Clarence E. Glad, Sigurður Gylfi Magnússon og Viðar Hreinsson. Reykjavík: ReykjavíkurAkademían 2009. ReykjavíkurAkademían, https://www.akademia.is/wp-content/uploads/Arni-Daniel_Fraedimenn-i%CC%81-flaedarmali-2009.pdf, sótt 19. September 2022 .

Ársskýrslur ReykjavíkurAkademíunnar 2006-2020.

Vef. „Dagsbrúnarfyrirlestrar” Bókasafn Dagsbrúnar, https://bokasafndagsbrunar.is/?page_id=30, sótt 19. september 2022.

Vef. „Gagnatorg Rannís” Rannís. <https://sjodir.rannis.is/gagnatorg/allocated.php?fund=0>, sótt 19. september 2022.

Vef. „IRIS“ <https://iris.rais.is/>, sótt 19. september 2022.

Vef. „Leitir” Leitir. https://leitir.is/discovery/search?vid=354ILC_NETWORK:10000_UNION, sótt 19. september 2022.

Margrét Guðmundsdóttir. *Sköpun akademóna. Skýrsla um verkefni og viðburði 2006-2021* Akureyri: AkureyrarAkademían, 2021.

Vef. „ReykjavíkurAkademian” Sótt 19. september 2022. ReykjavíkurAkademían. <https://www.youtube.com/channel/UCWbw9O-eH3-Pt6dYF1SqFPg>

Vef. „Stjórnsmál og Stjórnsýsla” Sótt 19. September 2022. Stjórnsmál og stjórnsýsla. <https://www.irpa.is/index.php/irpa>



AKADEMIA.IS